



# Titleist holukeppnin 2019

## Reglur og framkvæmd

### 1. gr - Almennt

Golfklúbbur Mosfellsbæjar stendur fyrir Titleist holukeppninni á hverju sumri. Undankeppni Titleist holukeppninnar fer fram dagana 18. – 26. maí og holukeppnin hefst síðan í framhaldinu. Titleist holukeppnin er innanfélagsmót og því aðeins félagsmenn GM sem hafa þátttökurétt.

### 2. gr – Keppendafjöldi og skipulag

Ótakmarkaður keppendafjöldi er í undankeppninni. Leikin er 18 holu punktkeppni með forgjöf á Hlíðavelli. Hámarksforgjöf í undankeppninni er 24 hjá körlum og 28 hjá konum.

Það ræðst af þátttakendafjölda hversu margir kylfingar komast áfram í hina eiginlegu holukeppni í karla og kvennaflokki:

- Fleiri en 128 kylfingar - 128 komast áfram í holukeppnina
- 64-127 kylfingar - 64 komast áfram í holukeppnina
- 32 - 63 kylfingar - 32 komast áfram í holukeppni
- 16 - 31 kylfingur - 16 komast áfram í holukeppni

### 3. gr – Leikfyrirkomulag í holukeppni

Kylfingar leika sín á milli með fullri forgjöf. Hámarks forgjöf hjá körlum er 24 og 28 hjá konum. Heimilt er að leika holukeppnina á báðum vallarsvæðum.

### 4. gr – Leikvikur og rástímar

Leikvikur Titleist-holukeppninnar 2019

- Undankeppni: 18. - 26. maí
- 64 manna úrslit: Umferð lokið 10. júní
- 32 manna úrslit: Umferð lokið 24. júní
- 16 manna úrslit: Umferð lokið 15. júlí
- 8 manna úrslit: Umferð lokið 29. júlí
- Undanúrslit: Umferð lokið 13. ágúst
- Úrslitaleikir: Lokið 23. ágúst

Ef leikur hefur ekki farið fram þegar leiktími rennur út verður keppendum úthlutað rástíma. Ef keppendur mæta ekki til leiks þá eru úrslit fengin með hlutkesti. Ef annar keppandinn þá sigrar hann leikinn 5/4.

### 5. gr – Útreikningur forgjafar

Kylfingar leika sín á milli með forgjöf en hámarks forgjöf er 24 hjá körlum og 28 hjá konum. Forgjöf hvers leiks er mismunur á vallarforgjöf leikmanna sem mætast.

Dæmi: Kylfingur A er með 7 í vallarforgjöf og kylfingur B með 24 í vallarforgjöf. Þá er mismunurinn 17 (Kylfingur B fær þá 1 högg í forgjöf á 17 erfiðustu holurnar).

## 6. gr – Skil á úrslitum

Úrslitum í Titleist holukeppninni er skilað rafrænt með því að fylla inn formið á eftirfarandi slóð:  
<https://goo.gl/forms/yY7deNo5G8MQBY0S2>